# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 30. júní 2016

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 - 13 |
| Ársfjórðungsyfirlit | 14 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016 voru 14.357 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 14.615 m.kr. á sama tímabili árið 2015. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 1.026 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.324 m.kr. á sama tímabili árið 2015. Eignir samstæðunnar námu 62.101 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 32.549 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 52,4%. Félagið greiddi á tímabilinu arð að fjárhæð 575 m.kr til hluthafa sinna. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 10. mars 2016, voru keypt eigin bréf að nafnvirði 243 m.kr. Kaupum samkvæmt endurkaupaáætluninni lauk þann 1. júní 2016 og á félagið nú 2,52% af hlutafé félagsins.

Í byrjun mars keypti félagið allt hlutafé í Farsímagreiðslum ehf. en fyrir átti félagið 55,5% hlut. Í lok júní seldi félagið tvö af dótturfélögum sínum, Staka automation ehf. og Talentu ehf. Söluhagnaður af viðskiptunum nam 189 m.kr sem tekjufærður er í rekstrarreikningi félagsins. Áhrif sölunnar á efnahagsreikning félagsins eru óveruleg.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2016. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. ágúst 2016

**Stjórn**

Sigríður Hrólfsdóttir, formaður

Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður

Bertrand B. Kan

Birgir S. Bjarnason

Stefán Árni Auðólfsson

**Forstjóri**

Orri Hauksson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Símans hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn  árshlutareikning samstæðu Símans hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34.  Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum.  Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun.  Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn  árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 25. ágúst 2016

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.4.-30.6.* | 2015<br>1.4.-30.6.* | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 6 | 7.351 | 7.373 | 14.135 | 14.387 |
| Kostnaðarverð sölu | 7 | ( 3.953) | ( 3.876) | ( 7.618) | ( 7.808) |
| **Framlegð** | | 3.398 | 3.497 | 6.517 | 6.579 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 124 | 109 | 222 | 228 |
| Rekstrarkostnaður | 8 | ( 2.490) | ( 2.380) | ( 4.969) | ( 4.502) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.032 | 1.226 | 1.770 | 2.305 |
| Fjármunatekjur | | 300 | 105 | 424 | 205 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 467) | ( 497) | ( 902) | ( 912) |
| Gengismunur | | 4 | ( 82) | 19 | 110 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 9 | ( 163) | ( 474) | ( 459) | ( 597) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 0 | ( 33) | 0 | ( 33) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 869 | 719 | 1.311 | 1.675 |
| Tekjuskattur | | ( 153) | ( 187) | ( 285) | ( 351) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 716 | 532 | 1.026 | 1.324 |
| EBITDA | | 1.954 | 2.062 | 3.559 | 4.023 |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 732 | 534 | 1.049 | 1.326 |
| Minnihluti | | ( 16) | ( 2) | ( 23) | ( 2) |
| Hagnaður tímabilsins | | 716 | 532 | 1.026 | 1.324 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,08 | 0,06 | 0,11 | 0,14 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,08 | 0,06 | 0,11 | 0,14 |

Skýringar á blaðsíðum 9 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.4.-30.6.* | 2015<br>1.4.-30.6.* | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 716 | 532 | 1.026 | 1.324 |
| **Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga | | ( 14) | 1 | ( 16) | ( 33) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 702 | 533 | 1.010 | 1.291 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins skiptist þannig** | | | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 718 | 535 | 1.033 | 1.293 |
| Minnihluti | | ( 16) | ( 2) | ( 23) | ( 2) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 702 | 533 | 1.010 | 1.291 |

Skýringar á blaðsíðum 9 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# Efnahagsreikningur 30. júní 2016

| | Skýr. | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 15.258 | 15.175 |
| Viðskiptavild | | 31.407 | 31.404 |
| Óefnislegar eignir | | 3.160 | 3.084 |
| Aðrar eignir | 10 | 1.468 | 729 |
| Fastafjármunir | | 51.293 | 50.392 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 11 | 1.946 | 2.162 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 5.313 | 4.932 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 1.052 | 570 |
| Handbært fé | | 2.497 | 4.071 |
| Veltufjármunir | | 10.808 | 11.735 |
| **Eignir alls** | | 62.101 | 62.127 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 9.407 | 9.650 |
| Yfirverðsreikningur | | 17.049 | 17.556 |
| Annað eigið fé | | 417 | 309 |
| Þýðingarmunur | | 525 | 541 |
| Óráðstafað eigið fé | | 5.309 | 4.836 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 32.707 | 32.892 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 158) | ( 91) |
| Eigið fé samtals | | 32.549 | 32.801 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | 14 | 22.211 | 22.788 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 15 | 225 | 263 |
| Langtímaskuldir | | 22.436 | 23.051 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 2.794 | 2.965 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 1.373 | 1.367 |
| Skattar til greiðslu | | 342 | 38 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 2.607 | 1.905 |
| Skammtímaskuldir | | 7.116 | 6.275 |
| Skuldir samtals | | 29.552 | 29.326 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 62.101 | 62.127 |

Skýringar á blaðsíðum 9 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2016

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2015 ........................................................................ | 9.650 | 35.520 | 246 | 606 | ( 16.016) | 30.006 | ( 75) | 29.931 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins ........................................................ | | | | | 1.326 | 1.326 | ( 2) | 1.324 |
| Þýðingarmunur ............................................................................ | | | | ( 33) | | ( 33) | | ( 33) |
| Heildarafkoma tímabilsins ........................................................... | | | | ( 33) | 1.326 | 1.293 | ( 2) | 1.291 |
| Yfirverði jafnað á móti tapi ........................................................ | | ( 17.964) | | | 17.964 | | | 0 |
| Breyting á minnihlutaeign ........................................................... | | | | | | 0 | ( 2) | ( 2) |
| Eigið fé 30.6.2015 ...................................................................... | 9.650 | 17.556 | 246 | 573 | 3.274 | 31.299 | ( 79) | 31.220 |
| | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 ........................................................................ | 9.650 | 17.556 | 309 | 541 | 4.836 | 32.892 | ( 91) | 32.801 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins ......................................................... | | | | | 1.049 | 1.049 | ( 23) | 1.026 |
| Þýðingarmunur ............................................................................ | | | | ( 16) | | ( 16) | | ( 16) |
| Heildarafkoma tímabilsins ........................................................... | | | | ( 16) | 1.049 | 1.033 | ( 23) | 1.010 |
| Greiddur arður (0,0596 á hlut) .................................................. | | | | | ( 576) | ( 576) | ( 1) | ( 577) |
| Keypt eigin bréf .......................................................................... | ( 243) | ( 507) | | | | ( 750) | | ( 750) |
| Breyting á minnihlutaeign ........................................................... | | | | | | 0 | ( 43) | ( 43) |
| Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga ......................... | | | 108 | | | 108 | | 108 |
| Eigið fé 30.6.2016 ...................................................................... | 9.407 | 17.049 | 417 | 525 | 5.309 | 32.707 | ( 158) | 32.549 |

Samkvæmt breytingum sem gerðar hafa verið á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélaga, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.  Áhrif ákvæðisins hafa ekki verið metin til fulls en ákveðin óvissa ríkir um gildistöku þess og framkvæmd.

Skýringar á blaðsíðum 9 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.4.-30.6.* | 2015<br>1.4.-30.6.* | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 1.032 | 1.226 | 1.770 | 2.305 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | | 922 | 836 | 1.789 | 1.718 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | ( 17) | ( 9) | ( 19) | ( 21) |
| Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi | | 43 | 0 | 107 | 0 |
| | | 1.980 | 2.053 | 3.647 | 4.002 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 342) | ( 362) | ( 676) | 141 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 1.638 | 1.691 | 2.971 | 4.143 |
| Innborgaðir vextir | | 128 | 101 | 238 | 186 |
| Greiddir vextir | | ( 271) | ( 287) | ( 813) | ( 835) |
| Greiddir skattar | | ( 3) | ( 73) | ( 8) | ( 221) |
| Handbært fé frá rekstri | | 1.492 | 1.432 | 2.388 | 3.273 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 933) | ( 894) | ( 1.702) | ( 2.048) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 125) | ( 151) | ( 262) | ( 336) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 34 | 16 | 38 | 51 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | ( 64) | 0 | ( 53) | ( 41) |
| Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum | | 0 | ( 307) | ( 50) | ( 307) |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum | | 234 | 0 | 234 | 0 |
| Aðrar fjárfestingar | | ( 142) | 0 | ( 142) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 996) | ( 1.336) | ( 1.937) | ( 2.681) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Greiddur arður | | ( 576) | ( 1) | ( 577) | ( 1) |
| Keypt eigin bréf | | ( 750) | 0 | ( 750) | 0 |
| Afborganir langtímalána | | ( 228) | ( 261) | ( 684) | ( 715) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.554) | ( 262) | ( 2.011) | ( 716) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 1.058) | ( 166) | ( 1.560) | ( 124) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 5) | ( 95) | ( 14) | 103 |
| **Handbært fé í byrjun tímabilsins** | | 3.560 | 4.247 | 4.071 | 4.007 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 2.497 | 3.986 | 2.497 | 3.986 |

Skýringar á blaðsíðum 9 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til júní 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga".

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 25. ágúst 2016.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2015.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verð getur orðið annað en slíkt mat.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.
Félagið skiptist í sjö starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru :

| Starfsþáttur: | Lýsing: |
|---|---|
| Farsímaþjónusta: ........................ | Tekjur félagsins af farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta. |
| Talsímaþjónusta: ........................ | Tekjur af talsímaþjónustu í heildsölu og smásölu. |
| Gagnaflutningur: ......................... | Tekjur af gagnaflutningsþjónustu í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnet. |
| Sjónvarpsþjónusta: ..................... | Tekjur vegna dreifingar á sjónvarpsefni, áskriftar, notkunar og auglýsinga á miðlum félagsins. |
| Upplýsingatækni: ........................ | Tekjur af upplýsingatækniþjónustu, þ.m.t. afnotagjöld, útseld vinna og þjónusta og vörusala. |
| Vörusala búnaðar: ...................... | Tekjur vegna sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. |
| Annað: ....................................... | Tekjur m.a. af útseldri vinnu vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta) og aðstöðuleigu. |

# Skýringar

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

**Starfsþættir 1.1.-30.6. 2016**

| | Farsími | Talsími | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Upplýsinga-tækni | Vörusala | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ...... | 3.466 | 1.143 | 4.337 | 2.029 | 2.082 | 871 | 429 | 14.357 |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld ... | ( 10.798) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ... | 3.559 |
| Afskriftir og virðisrýrnun ... | ( 1.789) |
| Hrein fjármagnsgjöld ... | ( 459) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ... | 0 |
| Skattar ... | ( 285) |
| **Hagnaður tímabilsins ...** | 1.026 |
| **Fjárfestingar ...** | ( 1.926) |
| **Óskiptar eignir 30.6.2016 ...** | 62.101 |
| **Óskiptar skuldir 30.6.2016 ...** | 29.552 |

**Starfsþættir 1.1.-30.6. 2015**

| | Farsími | Talsími | Gagna-flutningur | Sjónvarps-þjónusta | Upplýsinga-tækni | Vörusala | Annað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ...... | 3.733 | 1.325 | 4.171 | 2.015 | 1.970 | 924 | 477 | 14.615 |

| | |
|---|---|
| Óskipt rekstrargjöld ... | ( 10.592) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ... | 4.023 |
| Afskriftir ... | ( 1.718) |
| Hrein fjármagnsgjöld ... | ( 597) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ... | ( 33) |
| Skattar ... | ( 351) |
| **Hagnaður tímabilsins ...** | 1.324 |
| **Fjárfestingar ...** | ( 2.333) |
| **Óskiptar eignir 30.6.2015 ...** | 60.159 |
| **Óskiptar skuldir 30.6.2015 ...** | 29.470 |

## 6. Sala

| Seld þjónusta og vörur greinast þannig: | **2016 1.1.-30.6.** | **2015 1.1.-30.6.** |
|---|---|---|
| Sala á þjónustu ... | 12.259 | 12.445 |
| Vörusala ... | 1.876 | 1.942 |
| | 14.135 | 14.387 |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 7. Kostnaðarverð sölu

| | 2016<br>1.1.-30.6. | 2015<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.141 | 1.954 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 2.170 | 2.303 |
| Samtengigjöld | 501 | 554 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 1.730 | 1.804 |
| Eignfærð vinna | ( 337) | ( 254) |
| Afskriftir | 1.413 | 1.447 |
| | 7.618 | 7.808 |

## 8. Rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 2.526 | 2.180 |
| Markaðs- og sölukostnaður | 349 | 368 |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður | 721 | 735 |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 208 | 257 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur | 74 | 83 |
| Annar rekstrarkostnaður | 716 | 608 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 375 | 271 |
| | 4.969 | 4.502 |

## 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | | |
| Vaxtatekjur | 234 | 204 |
| Arður og söluhagnaður af eignarhlutum | 190 | 1 |
| | 424 | 205 |
| **Fjármagnsgjöld** | | |
| Vaxtagjöld | ( 788) | ( 788) |
| Verðbætur | ( 102) | ( 106) |
| Önnur fjármagnsgjöld | ( 12) | ( 18) |
| | ( 902) | ( 912) |
| | | |
| Gengismunur | 19 | 110 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 459) | ( 597) |

# Skýringar

## 10. Aðrar eignir

| | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | 47 | 86 |
| Fjárfesting í öðrum félögum | 193 | 12 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 346 | 314 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 530 | 0 |
| Langtímakröfur | 352 | 317 |
| Aðrar fjármunaeignir samtals | 1.468 | 729 |

## 11. Birgðir

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarvörubirgðir | 1.223 | 1.192 |
| Verk í vinnslu | 141 | 76 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 582 | 894 |
| Birgðir samtals | 1.946 | 2.162 |

## 12. Viðskiptakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 5.807 | 5.381 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | ( 494) | ( 449) |
| Viðskiptakröfur samtals | 5.313 | 4.932 |

## 13. Aðrar skammtímakröfur

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 643 | 351 |
| Aðrar skammtímakröfur | 409 | 219 |
| Samtals aðrar skammtímakröfur | 1.052 | 570 |

## 14. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast niður á gjaldmiðla á eftirfarandi hátt:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 16.308 | 16.783 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 7.266 | 7.372 |
| Kaupleiga, langtímaskuldbinding | 10 | 0 |
| Næsta árs afborganir | ( 1.373) | ( 1.367) |
| | 22.211 | 22.788 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Innan 12 mánaða | 1.373 | 1.367 |
| Frá 12 - 24 mánuðum | 1.373 | 1.367 |
| Frá 24 - 36 mánuðum | 1.373 | 1.367 |
| Frá 36 - 48 mánuðum | 13.882 | 14.351 |
| Frá 48 - 60 mánuðum | 423 | 417 |
| Afborganir síðar | 5.160 | 5.286 |
| Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum | 23.584 | 24.155 |

## 15. Tekjuskattsskuldbinding / (reiknuð skattaeign)

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu / (skattaeign) greinast á eftirfarandi hátt:

| | 30.6.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding (eign) í ársbyrjun | 263 | ( 141) |
| Gengismunur | ( 1) | 2 |
| Vegna kaupa á félagi | 1 | 6 |
| Skattur samkvæmt rekstrarreikningi | 274 | 434 |
| Skattar til greiðslu á næsta ári | ( 312) | ( 38) |
| Tekjuskattsskuldbinding | 225 | 263 |

## 16. Aðrar skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Áfallinn kostnaður | 1.194 | 1.107 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 671 | 215 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 643 | 573 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 99 | 10 |
| Samtals aðrar skammtímaskuldir | 2.607 | 1.905 |

## 17. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa í kjölfarið óskað eftir dómkvaðningu matsmanna. TSC ehf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun hafa til meðferðar kvartanir Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota samkeppnis- og/eða fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði samkeppnis- og fjölmiðlalaga. Síðastliðinn desember samþykkti Sýslumaður á höfuðborgasvæðinu kröfu Símans um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Síminn höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur því er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færðar í reikningsskil þess.

## 18. Breytingar á samstæðu

Félagið seldi í lok júní allan hlut sinn í tveimur af dótturfélögum sínum, Staka automation ehf. og Talenta ehf. Söluhagnaður af viðskiptunum nam 189 m.kr sem tekjufærður er í rekstrarreikningi félagsins. Áhrif sölunnar á efnahagsreikning félagsins eru óveruleg.

## 19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi.

# Ársfjórðungsyfirlit - ekki kannað

| | 1 F 2016 | 2 F 2016 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Sala | 6.784 | 7.351 | 14.135 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.665) | ( 3.953) | ( 7.618) |
| **Framlegð** | 3.119 | 3.398 | 6.517 |
| Aðrar rekstrartekjur | 98 | 124 | 222 |
| Rekstrarkostnaður | ( 2.479) | ( 2.490) | ( 4.969) |
| **Rekstrarhagnaður** | 738 | 1.032 | 1.770 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 296) | ( 163) | ( 459) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 0 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 442 | 869 | 1.311 |
| Tekjuskattur | ( 132) | ( 153) | ( 285) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 310 | 716 | 1.026 |
| | | | |
| EBITDA | 1.605 | 1.954 | 3.559 |

| | 1 F 2015 | 2 F 2015 | 3 F 2015 | 4 F 2015 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 7.014 | 7.373 | 7.517 | 7.964 | 29.868 |
| Kostnaðarverð sölu | ( 3.932) | ( 3.876) | ( 3.843) | ( 4.781) | ( 16.432) |
| **Framlegð** | 3.082 | 3.497 | 3.674 | 3.183 | 13.436 |
| Aðrar rekstrartekjur | 119 | 109 | 39 | 272 | 539 |
| Rekstrarkostnaður | ( 2.122) | ( 2.380) | ( 2.188) | ( 2.642) | ( 9.332) |
| **Rekstrarhagnaður** | 1.079 | 1.226 | 1.525 | 813 | 4.643 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 123) | ( 474) | ( 425) | ( 265) | ( 1.287) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | ( 33) | 0 | ( 15) | ( 48) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 956 | 719 | 1.100 | 533 | 3.308 |
| Tekjuskattur | ( 164) | ( 187) | ( 228) | 146 | ( 433) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 792 | 532 | 872 | 679 | 2.875 |
| | | | | | |
| EBITDA | 1.961 | 2.062 | 2.365 | 1.654 | 8.042 |